

STARFSMENNTUN: NÁM OG ÞJÁLFUN FYRIR STARFSFÓLK OG KENNARA

Í Erasmus+ felast fjölmörg tækifæri fyrir starfsfólk skólans sem geta sótt um náms- og þjálfunarstyrki.

HVERSKONAR NÁM?

- Starfsfólk getur sinnt kennslu eða þjálfun hjá skólum og stofnunum eða sótt fagtengd námskeið og vinnustofur, farið í starfsspeglun eða tekið þátt í skipulögðum heimsóknum til skóla eða annarra stofnana erlendis. Einnig getur skólinn fengið gestakennara eða sérfræðinga erlendis frá.

TÆKIFÆRI

- **Starfsspeglun**
Dvalarlengd: 2 – 60 dagar
- **Gestakennsla** við skóla, stofnanir og fyrirtæki í öðru landi
Dvalarlengd: 2 – 365 dagar
- **Fagtengd námskeið og þjálfun**
Dvalarlengd: 2 dagar – 30 dagar
Styrkur vegna námskeiðsgjalda miðast við 10 daga að hámarki
Umsækjendur velja námskeið. Gefnar hafa verið út [leiðbeiningar varðandi gæði námskeiða](#).
- **Undirbúningsheimsóknir vegna ferða nemenda og starfsfólks í þeim tilgangi** að auka gæði lengri dvalar, ferða þátttakenda með minni möguleika á þátttöku o.fl. Hámarksfjöldi þátttakenda hvernar ferðar eru þrír.
- **Móttaka sérfræðinga** frá skólum og stofnunum annarra landa
Dvalarlengd 2 - 60 dagar
- **Móttaka kennara- og kennaranema** frá skólum í öðrum löndum
Dvalarlengd 10 - 365 dagar

Til þess að tryggja jöfn réttindi er mögulegt að sækja um styrki fyrir þátttakendur sem hafa minni möguleika til þátttöku. Um er að ræða styrki fyrir fylgdarmenn og annars nauðsynlegs viðbótarkostnaðar.

STYRKUPPHÆÐIR ERASMUS+ NÁM OG ÞJÁLFUN 2022

Upphæð á dag er reiknuð sem hér segir:

- **Fram að 14. degi:** 100% af upphæðinni sem tilgreint er í töflunni á dag (fyrir hvern þátttakanda)
- **frá 15. degi:** 70% af upphæðinni sem tilgreint er í töflunni á dag (fyrir hvern þátttakanda)

Einstaklingsstyrkur í evrum; upphald og tryggingar í eftirfarandi löndum	Starfsfólk Upphæð á dag (EUR)
Landshópur 1 Noregur, Danmörk, Luxemborg, Ísland, Svíþjóð, Írland, Finnland, Liechtenstein	180
Landshópur 2 Holland, Austurríki, Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Spánn, Kýpur, Grikkland, Malta, Portugal	160
Landshópur 3 Slovenía, Eistland, Lettland, Króatía, Slovakía, Tékkland, Litháen, Tyrkland, Ungverjaland, Pólland, Rúmenía, Búlgaría, fyrrum Júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Serbía	140

MAT Á UMSÓKN:

Umsóknir kennara um námsferðir og gestakennslu erlendis verða metnar út frá neðantöldum þáttum og einkunn á skalanum 1-5 gefin fyrir hvern þátt.

1. Listræn og/eða tæknileg markmið, fræðileg, menningarleg og vísindaleg. Lagt er mat á viðfangsefnið og nýnæmi hugmynda og tengingar sem nýtast í kennslu og skólastarfi.
2. Tilgangur og skipulag. Kynning á samstarfsaðila, verk- og tímaáætlun.
3. Væntingar til verkefnisins? Afrakstur og ávinningur fyrir kennarann, skólann og samfélagið.

[Umsóknareyðublöð fyrir starfsfólk og kennara vegna náms- og þjálfunarstyrkja fyrir má finna hér.](#)

[Hér má finna umsóknareyðublöð ætluð deildarstjórum vegna umsókna ym styrki fyrir gestakennurum frá Evrópu og fyrir önnur verkefni sem snúa að þróun náms innan deildarinnar.](#)

Umsóknir þurfa hafa borist til verkefnisstjóra í síðasta lagi 5. febrúar 2024

Skila á umsóknum rafrænt á netfangið silfrun@mir.is.